

Fundargerð 76. Héraðsþings USVH 15. mars 2017

- Klukkan 17.00**
1. Þingsetning
 2. Kjörnir starfsmenn þingsins og kjörbréfanefnd
 3. Skýrsla stjórnar og reikningar
 4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
- Klukkan 17.30**
5. Ávörp gesta
 6. Lagðar fram tillögur fyrir þingið
- Klukkan 18.00**
7. Nefndarstörf
- Klukkan 19:00**
- Matarhlé
- Klukkan 20:00**
8. Ályktanir nefnda
- Klukkan 21.00**
9. Kosningar
 - a) Varaformaður til tveggja ára
 - b) Gjaldkeri til tveggja ára
 - c) Ritari til tveggja ára
 - c) fyrsti varamaður til eins ára
 - d) annar varamaður til eins árs
 - e) þriðji varamaður til eins árs
 - f) tveir skoðunarmenn til eins árs
 - g) einn skoðunarmaður til vara til eins árs
 10. Önnur mál
- Klukkan 21.30**
11. Þingslit

1. Þingsetning

Reimar Marteinnsson setur þingið og býður þingfulltrúa og gesti þingsins velkomna, Gestir þingsins eru; Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri frá UMFÍ, Sabína Steinunn Halldórsdóttir landsfulltrúi frá UMFÍ, Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóra ÍSÍ á Akureyri og Þórey Edda Elísdóttir frá ÍSÍ.

Ber upp tillögu að þingforseta, Júlíus Guðni Antonsson, samþykkt samhljóða.

2. Kjörnir starfsmenn þingsins og kjörbréfanefnd

Júlíus Guðni tekur til starfa sem þingforseti og þakkar það traust sem honum er sýnt.

Aðrir starfsmenn þingsins eru;

Ritarar; Eygló Hrund Guðmundsdóttir og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir,

Kjörbréfanefnd; Magnús Eðvaldsson, Sigurbjörg Jóhannesdóttir og Þórdís Helga Benediktsdóttir.

3. Skýrsla stjórnar og reikningar

Reimar Marteinnsson kynnir skýrslu stjórnar. (sjá meðfylgjandi skýrslu stjórnar USVH).

Elín Jóna Rósinberg kynnir reikninga sambandsins (sjá meðfylgjandi ársreikning USVH).

Magnús Eðvaldsson gerir kunngjört um niðurstöður kjörbréfanefndar, þingið telst löglegt með 77% mætingu.

4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Orðið gefið laust um skýrslu stjórnar og reikninga, enginn biður um orðið. Ársreikningur borinn upp og hann samþykktur samhljóða.

5. Ávörp gesta

Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ, Þórey Edda Elísdóttir í stjórn ÍSÍ og Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ.

Þórey Edda Elísdóttir tekur næst til máls, hún er fyrsti varamaður í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Ber kveðju frá forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórn ÍSÍ. Talaði um Felix nýja félagakerfið, von er á nýrri uppfærslu og kennslu samhliða því. Kynnti íþróttaslysasjóð, iðkendur 16 ára og eldri geta fengið endurgreitt allt að 80% af kostnaði ef þeir slasast við æfingar eða keppni undir merkjum félagsins. Þórey fór yfir ýmsar gagnlegar upplýsingar sem finna má inni á heimasíðu ÍSÍ ásamt því að kynna ráðstefnu um sjórnun íþróttafélaga sem haldin verður í mars. Þórey vakti jafnframt athygli á verkefni sem heitir Sýnum Karakter sem er samstarfsverkefni milli ÍSÍ og UMFÍ, ásamt öðrum verkefnum á næstunni hjá ÍSÍ.

Auður ávarpar þingið og ber kveðjur frá Hauki Valtýssyni formanni UMFÍ og stjórn og starfsmönnum UMFÍ. Auður fór yfir verkefni UMFÍ. Auður fór yfir stefnu UMFÍ sem unnin var

Kynnti skjalakerfi umfí sem stendur sambandsaðilum til boða eftir að prófanir hafa farið fram. Betra félag.

Ungt fólk og lýðræði, ráðstefna sem haldin verður á hótél Laugarbakka í apríl.

Auður talar um að mikill vöxtur sé í ungmennastarfi UMFÍ og hvetur gesti þingsins til að kynna sér það sem er í boði.

Minntist á hreyfivíkuna, hversu áhugavert verkefni það er og hvetur gesti þingsins til að taka þátt í því verkefni. Auður hvetur gesti þingsins til að gefa sér tíma til að fara í stefnumótunarvinnu í lok þingsins. Auður vill sæma Agnar Levy og Inga Bjarnason starfsmerki fyrir störf sín í þágu ungmennafélagsins. Óskar okkur að lokum velfarnaðar í störfum á þinginu.

Þingforseti þakkar gestum fyrir og biður formann kjörbréfanefndar að gera grein fyrir störfum sínum. Kolbrún Stella kynnir fulltrúa þingsins, seturétt á þinginu eiga 40 fulltrúi og mættir eru 29 fulltrúar og telst þingið því löglegt. Frá Umf. Kormáki: Ómar Eyjólfsson, Magnús Vignir Eðvaldsson, Kristín Ólafsdóttir, Þórdís Helga Benediksdóttir, Elín Jóna Rósinberg, Valdimar Gunnlaugsson, Jóhanna Erla Jóhannsdóttir, Eygló Hrund Guðmundsdóttir, Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, Sesselja Kristín Eggertsdóttir, Þórarinn Óli Rafnsson og Reimar Marteinson. Frá Hestamannafélaginu Þyt; Pálmi G. Ríkharrðsson, Kolbrún Grétarsdóttir, Sigrún Þórðardóttir, Fanndís Pálsdóttir, Sigurður Björn Gunnlaugsson, Sigríður Ólafsdóttir og Katarína Fatína Borg. Frá Umf. Gretti; Regína Ólína Þórarinsdóttir, Álfheiður Ösp

Haraldsdóttir og Sigurbjörg Jóhannesdóttir. Frá Umf. Víði; Júlíus Guðni Antonsdóttir, Ragnar Bragi Ægisson, Pétur Þ. Baldursson og Þórir Óli Gunnlaugsson. Frá Umf. Dagsbrún; Sara Ólafsdóttir og Hulda Einarsdóttir. Enginn fulltrúi mættir frá Umf. Hörpu.

6. Lagðar fram tillögur fyrir þingið,

Þingforseti leggur fram tillögur stjórnar USVH fyrir þingið og fara þær fyrir nefndirnar.

Þingforseti nefnir að þrjár nefndir eru starfandi á þinginu en það eru íþróttanefnd, allsherjarnefnd og fjárhagsnefnd- og uppstillingarnefnd. Þingforseti leggur fram fjárhagsáætlun USVH vegna ársins 2016 og er henni vísað til fjárhags- og uppstillingarnefndar.

7. Nefndarstörf, nefndir taka til starfa,

Tillaga um að umræðustjóri sé kosinn úr hverri nefnd fyrir sig auk ritara.

Matarhlé

8. Ályktanir nefnda

Allsherjar- og félagsmálanefnd; umræðustjóri er Sesselja Kristín Eggertsdóttir en auk hennar sátu Regína Ólína Þórarinsdóttir, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Aðalheiður Haraldsdóttir, Pálmi Geir Ríkharðsson, Sigurður Björn Gunnlaugsson og Þórdís Helga Benediktsdóttir.

Tillögur allsherjarnefndar;

76. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Víðihlíð 15. mars 2017 þakkar sveitarfélaginu Húnaþingi vestra fyrir góðan stuðning og styrk til íþróttá og æskulýðsstarfs.

Tillagan samþykkt samhljóða.

76. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Víðihlíð 15. mars 2017 færir ritnefnd Húna bestu þakkir fyrir frábært starf við útgáfu þessa merka og vandaða rits.

Tillagan samþykkt samhljóða.

76. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Víðihlíð 15. mars 2017

76. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Víðihlíð 15. mars 2017 samþykkir að vísa sundfélaginu Húnum út úr USVH. Félagið hefur verið óvirkt undanfarin ár og rann starfsemi sundfélagsins inn í Kormák á sínum tíma.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Íþróttanefnd, umræðustjóri er Sara Ólafsdóttir kynnir umræður íþróttanefndar en auk hennar sátu í nefndinni Hulda Einarsdóttir, Þórir Óli Gunnlaugsson, Fanndís Ósk Pálsdóttir, Kolbrún Grétarsdóttir, Katarína Borg, Jóhanna Erla Hermannsdóttir, Valdimar H. Gunnlaugsson, Þórarinn Óli Rafnsson.

Tillögur íþróttanefndar:

76. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Víðihlíð 15. mars 2017 hvetur aðildarfélög USVH til að taka virkan þátt í verkefnum UMFÍ s.s. landsmóti 50+ í Hveragerði og unglíngalandsmóti á Egilsstöðum á komandi sumri.

Tillagan samþykkt samhljóða.

76. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Víðihlíð 15. mars 2017 hvetur aðildarfélög USVH til að taka virkan þátt í almenningsverkefnum ÍSÍ og UMFÍ.

Tillagan samþykkt samhljóða.

76. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Víðihlíð 15. mars 2017 hvetur sveitarfélagið til að gera ráð fyrir stangarstökkstökk við fyrirhugaða endurnýjun á gólfefni í Íþróttamiðstöð í Húnaþingi vestra.

Tillagan samþykkt samhljóða.

76. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Víðihlíð 15. mars 2017 lýsir yfir ánægju með fyrirhugaða viðbyggingu á íþróttamiðstöðinni auk endurnýjun á gólfefni við íþróttamiðstöð Húnaþings vestra á Hvammstanga.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fjárhags og uppstillingarnefnd; umræðustjóri er Pétur Þ. Baldursson en aðrir nefndarmenn voru Ómar Eyjólfsson, Ragnar Bragi Ægisson, Sigrún K. Þórðardóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Magnús Eðvaldsson og Kristín Ólafsdóttir.

Tillögur fjárhags- og uppstillingarnefndar:

76. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Víðihlíð 15. mars 2017 samþykkir ársreikning USVH fyrir árið 2016 og ársreikningi styrktarsjóðs USVH fyrir 2016.

Tillagan samþykkt samhljóða.

76. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Víðihlíð 15. mars 2017 samþykkir samþykkir fjárhagsáætlun fyrir árið 2017.

Tillagan samþykkt samhljóða.

76. Héraðsþing USVH haldið í Félagsheimilinu Víðihlíð 15. mars 2017 samþykkir samþykkir að skipa Reimar Marteinson, Sveinbjörgu Rut Pétursdóttur og Þóreyju Eddu Elísdóttur í stefnumótunarnefnd USVH. Mun nefndin leggja fram stefnu USVH 2018-2022 á 77. þingi USVH.

Tillagan samþykkt samhljóða.

9. Kosningar

- a) Varaformaður til tveggja ára – Halldór Sigfússon, kjörinn með lófaklappi
- b) Gjaldkeri til tveggja ára – Ómar Eyjólfsson, kjörinn með lófaklappi
- b) Ritari til tveggja ára – Sara Ólafsdóttir, kjörin með lófaklappi
- c) fyrsti varamaður til eins árs – Sveinbjörg Pétursdóttir, kjörin með lófaklappi
- d) annar varamaður til eins árs – Ingveldur Linda Gestsdóttir, kjörin með lófaklappi
- e) þriðji varamaður til eins árs, - Ragnar Bragi Ægisson kjörin með lófaklappi.
- f) tveir skoðunarmenn til eins árs – Ingibjörg Jónsdóttir og Sigrún K. Þórðardóttir, kjörnar með lófaklappi.
- g) einn skoðunarmaður til vara til eins árs – Elín Jóna Rósinberg- kjörin með lófaklappi.

10. Önnur mál

Formaður USVH, Reimar Marteinson, tekur til máls og kynnir breytingar innan USVH. Sveinbjörg Pétursdóttir hefur beðið um ársleyfi frá störfum og kemur Eygló Hrund Guðmundsdóttir til með að leysa hana af. Veitti formaður jafnframt fráfarandi stjórnarmeðlimunum Sigurbjörgu Jóhannesdóttur, Vigdís Gunnarsdóttur og Elínu Jónu Rósinberg blóm og þakkaði fyrir vel unnin störf. Formaður veitti Elínu Jónu jafnframt gjöf að skilnaði og þakkaði henni fyrir 16 ára störf hennar sem gjaldkeri fyrir USVH.

Viðar Sigurjónsson tekur næst til máls. Fjallaði um ramma sem til er fyrir fyrirmyndarhéruð í stefnumótunarvinnu. Viðar hvetur USVH til að nýta sér ramma fyrirmyndafélaga í komandi stefnumótunarvinnu. Hann hvetur sambandsaðila til að hafa samband vanti þeim aðstoð með eitthvað og minnir á verkefnið um fyrirmyndarfélög sem hann stýrir.

Viðar þakkaði þingforseta fyrir góð störf og óskaði þinggestum velfarnaðar í stefnumótunarvinnu.

Þórey Edda Elísdóttir tók næst til máls og kynnti grunninn að stefnumótunarvinnu sem þinggestir eru beðnir um að taka þátt í. Þórey skipaði félagsmenn í 5 mismunandi hópum sem fóru í world café hópavinnu. Gefnar voru 20 mínútur í hópavinnuna. Þegar hópavinnunni var lokið þakkaði Þórey fyrir þátttökuna og fór yfir áframhaldið á stefnumótunarvinnunni.

11. Þingslit

Þingforseti þakkar gott og starfsamt þing og býður formanni orðið. Formaður þakkar Víði fyrir aðstöðuna og veitingar. Formaður þakkar félagsmönnum fyrir góð þingstörf og frábæra þátttöku á hópavinnu. Hann horfir bjartsýnn fram á næsta starfsár og slítur þingi kl. 19:53.